

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. janúar 2025  
UST202412-238/K.B.B.  
10.05.00

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matsáætlun- Vindorkugarður á Hælsheiði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 23. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun. Óskaði stofnunin eftir umsögn á grundvelli 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa. Umhverfis- og orkustofnun tekur við starfsemi Orkustofnunar og hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar. Umsögn þessi er rituð í nafni Umhverfis- og orkustofnunar.

Fyrirhugað er að reisa, mögulega í áföngum, allt að 150 MW með 20-30 vindmyllum sem verða allt að 180-250 metrar á hæð.

### Leyfi til að reisa og reka raforkuver

Samkvæmt 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003, þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver, frá með 1. janúar 2025 veitir Umhverfis- og orkustofnun slík virkjunarleyfi.

Stofnuninni er heimilt að binda virkjunarleyfi, sem stofnunin gefur út, skilyrðum skv. 5. gr. raforkulaga. Stofnunin bendir á að þar kemur m.a. fram að stofnunin getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Samningur við flutningsfyrirtækið eða dreifiveitu á því dreifiveitusvæði sem virkjunin er á skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi.

Framkvæmdin er til umfjöllunar í 5. áfanga rammaáætlunar. Skv. ákvæðum 4. - 6. greina laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun er stjórnvöldum einungis heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknnum og orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í orkunýtingarflokki.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að framkvæmdin, sem var skilgreind af Orkustofnun skv. ákvæðum reglugerðar 530/2014, hefur ekki verið flokkuð í nýtingarflokk rammaáætlunar. Framkvæmdin er til meðferðar hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar og hefur þar stöðuna "óflokkað" skv. upplýsingum frá verkefnisstjórninni.

### Stjórn vatnamála

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að áætlunin þarf að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun

2022-2027. Fjalla þarf um vatnaáætlun í kafla 2 í matsáætluninni þar sem tengsl við aðrar áætlanir er tekin fyrir. Samkvæmt 28. gr. laganna eiga opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.<sup>1</sup> Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Markmið laga um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnum vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn hljóti heilstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Í kafla 5.5 er fjallað um vatnafar. Þar kemur fram að þau grunnvatnshlot (Brennistaðaháls og Hvítá í Borgarfirði) sem eru innan framkvæmdarsvæðisins séu í góðu efnafræðilegu ástandi og að magnstaða þeirra sé góð. Hér þarf að laga umfjöllun, en grunnvatnshlotin eru óflokkuð m.t.t. hvorutveggja. Umhverfismarkmið vatnshlotanna eru hinsvegar að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Það sama gildir um straumvatnshlotið Flókadalsá, en efnafræðilegt ástand þess er óþekkt. Það hefur hinsvegar þau umhverfismarkmið að vera með góða efnafræðilegt ástand.

Í kafla 5.5.2 er fjallað um þær aðferðir og þætti sem verður lagt mat á. Hér bendir Umhverfis- og orkustofnun á að meta þarf áhrif framkvæmdarinnar á það vatn sem er innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar. Meta þarf áhrif framkvæmdar á þá gæðapætti sem liggja til grundvallar ástandsflökkunar vatnshlota og hvort framkvæmdin hafi áhrif á umhverfismarkmið þeirra. Vill Umhverfis- og orkustofnun benda á að stofnunin hefur gefið út [leiðbeiningar](#)<sup>2</sup> um það hvernig framkvæmdaraðilar eigi að bera sig að við gerð áhrifamats fyrir vatnshlot, en fjöldi vatnshlota er innan svæðisins sem framkvæmdin nær til. Minnir stofnunin á að umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástand þeirra ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi vegna framkvæmdanna eru gefin út.

Virðingarfyllst,

Rán Jónsdóttir  
**Verkefnisstjóri**

Kristín Björk Birgisdóttir  
**sérfræðingur**

---

<sup>1</sup> [Vatnaáætlun Íslands 2022-2027](#)

<sup>2</sup> [Áhrifamat fyrir vatnshlot](#)